

Veðurathuganir á hálendinu

Þekking á veðurfari á hálendinu er forsenda skynsamlegrar nýtingar

Landsvirkjun og Orkustofnun eiga og reka allmargar sjálfvirkar veðurstöðvar á hálendinu. Þessar stöðvar hafa verið settar upp á síðustu tíu árum. Stöðvarnar mæla allar vindhraða, vindátt, lofthita, loftraka og flestar mæla einnig loftþrýsting og úrkomu. Einnig eru sólgeislun og snjódýpt mæld á örfáum stöðvum. Þá hafa verið gerðar tilraunir með mælingar á ísingu, grunnvatnshæð og hita við og í jörð. Stöðvarnar skrá mælingarnar á 1 klst fresti, og hringt er í þær og náð í gögn á sjálfvirkan hátt, yfirleitt einnig á 1 klst fresti.



Sjálfvirk veðurstöð Landsvirkjunar í Jökulheimum. Úrkomumælir er í forgrunni (ágúst 1999)




Sjálfvirk veðurstöð Orkustofnunar við Laufbala (okt. 2001)

Frá 1965 hefur Veðurstofan rekið mannaða veðurstöð á Hveravöllum á Kili. Þar fara fram ýmsar ýtarlegri mælingar en hægt er að framkvæma á sjálfvirkum stöðvum. Mælingar frá sjálfvirkum stöðvum á öðrum stöðum á hálendinu hafa nýst vel þegar hægt hefur verið að tengja þær við lengri og margþættari mæliraðir frá Hveravöllum.



Sjálfvirk veðurstöð Landsvirkjunar við Setur, fyrir sunnan Hofsjökul. Í 10 m háu mastri er vindmælir og í 2 m hæð eru hita- og rakamælur. Á miðri mynd sést vindrafstöð fyrir stöðina og hægra megin við hana er úrkomumælirinn. Lengst til vinstri má sjá þrífót undir snjódýptarmæli, sem mælir fjarlægð niður að snjóyfirborði. (mars 1998)

Landsvirkjun á og rekur 13 sjálfvirkar veðurstöðvar á hálendinu. Landsvirkjun greiðir Veðurstofnunni fyrir að safna gögnum frá stöðvunum, yfirfara og varðveita þau.



Sjálfvirkar veðurstöðvar í ársbyrjun 2002. Landsvirkjun og Orkustofnun hafa að mestu séð um rekstur slíkra stöðva á hálendinu.

Sjálfvirkar veðurstöðvar Landsvirkjunar

Stöð	Upphaf	Hæð y.s.	Sérmælingar
Búrfell	1993	249	Úrkoma, sólgeislun
Þúfuver	1993	613	Úrkoma
Kolka	1993	504	Úrkoma, sólgeislun
Sandbúðir	1993	820	Úrkoma
Veidivatnahraun 1993	647		Úrkoma, snjódýpt
Jökulheimar	1993	726	Úrkoma, sólgeislun
Hallormsstaðaháls	1996	580	
Setur	1997	693	Úrkoma, snjódýpt
Eyjabakkar	1997	662	Úrkoma
Kárahjúkar	1998	656	Úrkoma
Lónakvisl	1999	675	Úrkoma
Þingmannaheiði	2000	510	
Botnsheiði	2001	500	

Allar stöðvarnar mæla lofthita, loftraka, vindhraða, vindátt og loftþrýsting

Með sjálfvirkum veðurstöðvum á hálendinu hafa fengist ýtarlegri veðurupplýsingar um þennan hluta landsins, en menn höfðu áður aðgang að. Upplýsingar um veðurfari hálendisins eru mjög mikilvægar fyrir raforkuvinnslu landsmanna og alla mannvirkjagerð á hálendinu.

Starfsmenn Landsvirkjunar sjá um rekstur og viðhald stöðvanna. Starfsmenn Veðurstofnunar aðstoða við kvörðun og prófun mælitækja, og sjá um gagnasöfnun og að fylgjast með gæðum gagnanna.